



# MASTERCARD Námsmannakort Landsbankans

## Vátryggingaskilmálar nr. GT60

### Helstu þættir:

Ferðaslysátrygging, allt að	kr.	3.600.000
Sjúkrátrygging, allt að	“	2.000.000 *
Samfylgd í neyð, allt að	“	80.000

SOS INTERNATIONAL  
Viðlagabjónusta og neyðarhjálp.

\* **Sjálfsábyrgð kr. 20.000**

### 1 GILDISÁKVÆÐI

- 1.1. Vátrygging samkvæmt eftirfarandi skilmálum er jafnan gild á ferðalögum í allt að 60 samfellda ferðadaga ef a.m.k. helmingur þess ferðakostnaðar sem til fellur áður en ferð hefst hefur verið greiddur með MASTERCARD kreditkorti eða MASTERCARD raðgreiðslum fyrir brottför frá heimili vátryggðs.
- 1.2. Vátryggingin nær til kreditkorthafa **MASTERCARD Námsmannakorts** sem gefin eru út af Landsbankanum. Tryggingin nær einnig til maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- 1.3. Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er vátryggingin því aðeins gild að a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með MASTERCARD raðgreiðslum eða gistirými bókað fyrirfram og kortnúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili vátryggðs.
- 1.4. Vátryggður sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið.
- 1.5. Vátryggður sem býr utan Íslands er vátryggður skv. grein 1.1. þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- 1.6. Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í vátryggingu þessari með hliðsjón af 91. og 92. grein umferðarlaga nr. (númer) 50/1987.

- 1.7. Vátryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

### 2 VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI

#### 2.1 Vátrygging þessi felur í sér:

- ferðaslysátryggingu
- sjúkrátryggingu
- ferðakostnað annarra aðila
- viðlagabjónustu og neyðarhjálp

samkvæmt nánari ákvæðum skilmála þessara.

- 2.2. Korthafi nýtur trygginga skv. skilmálum þessum meðan kort hans er í gildi og samningur er um þær milli félagsins og Landsbankans.

Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka vátryggingarskilmála og fyrra kort.

- 2.3. Landsbankinn hefur heimild til að breyta ákvæðum þessara tryggingaskilmála eða fella úr gildi enda verði korthafa tilkynnt um það á tryggan hátt.

### 3 SKILGREININGAR

- 3.1. Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:  
„**Félagið**“ merkir Vátryggingafélag Íslands hf.  
„**Korthafi**“ er sá sem hefur Námsmannakort í gildi.  
„**MASTERCARD kreditkort**“ merkir kort gefið út af Landsbankanum.  
„**Dvalarkostnaður**“ merkir gistingu, ferðakostnað og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins.

Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

„**Vátryggður**“ merkir þann mann hvers lífs eða heilsu vátryggingin tekur til og eftir atvikum þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur. Þar er um að ræða handhafa MASTERCARD kreditkorts, maka, sambýlismaka og börn á framfæri til loka 22 ára aldurs.

„**Slys**“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á vátryggðum og gerist án vilja hans.

„**Dvalarland**“ merkir land þar sem vátryggður hefur a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búíð samfelt í a.m.k. 180 daga.

„**Ferðakostnaður**“ merkir fargjald og gistikostnað.

„**Náinn ættingi**“ merkir maka, sambýlismaka, foreldri, tengdforeldri, afa eða ömmu, barn, barnabarn, systkini eða unnustu/a vátryggðs.

„**Náinn samstarfsmaður**“ merkir þann sem vátryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

„**Sambýlismaki**“ merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt:

a) skráð lögheimili, b) skattframtal, eða c) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

„**Flutningslys á munum**“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum vátryggðu munum. Ennfremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.

„**Létt bifhjól**“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskráteinis til notkunar þess.

- algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum, 100%
- missir handar við úlnlið eða ofar, 100%
- algjör, varanleg lömum annarrar eða beggja handa, 100%
- missir fótár við ökkla eða ofar, 100%
- algjör, varanleg lömum annars eða beggja fóta, 100%
- algjör, ólæknandi vitskerðing, 100%
- algjör, ólæknandi lömum, 100%
- algjört, ólæknandi heyrnarleysi, 50%
- algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra, 30%
- missir þumalfingurs hægri handar, 20%

4.1.4 Algjör varanleg lömum útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka 16% og hærrí er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.

4.1.5 Sé hinn vátryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

## 4.2 Takmarkanir á bótaskyldu

4.2.1 Dánarbætur vegna töluliðar 4.1.1 hér að framan vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 10% af dánarbótum.

4.2.2 Sé vátryggður 60 ára eða eldri verða vátryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í töluliðum 4.1.1 og 4.1.3. hér að framan.

<b>60-61 árs 90%</b>	<b>68-69 ára 50%</b>
<b>62-63 ára 80%</b>	<b>70-71 árs 40%</b>
<b>64-65 ára 70%</b>	<b>72-73 ára 30%</b>
<b>66-67 ára 60%</b>	<b>74 ára og eldri 20%</b>

4.2.3 Bætur vegna töluliða 4.1.1 og 4.1.3 greiðast því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

4.2.4 Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem vátryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verður aldrei hærrí en kr. 3.600.000.

## 4 FERÐASLYSA- OG SJÚKRATRYGGING

### 4.1 Slys á ferðalagi

Verði vátryggður fyrir slysi á ferðalagi á vátryggingartímabilinu greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

4.1.1 Dánarbætur kr. 3.600.000.

4.1.2 Dánarbætur greiðast til þess sem rétt á til bóta skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga um vátryggingarsamninga.

4.1.3 Varanleg örorka, allt að kr. 3.600.000, eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:



#### 4.3 Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að kr. 2.000.000 vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem vátryggingin nær til.

##### Félagið bætir eftirfarandi:

4.3.1 Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að vátryggður veikist eða slasast í ferðinni.

4.3.2 Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.

4.3.3 Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.

4.3.4 Flutning jarðneskra leifa vátryggðs til Íslands eða dvalarlands.

Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi vátryggðs á ferðalagi erlendis.

**Vátryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 20.000.**

#### 4.4 Ferðakostnaður annarra aðila

##### Félagið greiðir:

4.4.1 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 80.000 í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar vátryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika vátryggðs.

#### 4.5 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliða 4.3 - 4.4

##### Félagið bætir ekki:

4.5.1 Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.

4.5.2 Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.

4.5.3 Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

4.5.4 Tjón sem rekja má til þess að vátryggður:

a) mátti vænta þess að fæða barn áður en eim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða

b) ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar erlendis.

4.5.5 Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.

4.5.6 Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá vátryggingaratburði.

#### 4.6 SOS INTERNATIONAL

##### Viðlagþjónusta og neyðarhjálp

4.6.1 Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn árið um kring.

**Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50**

**Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56**

**Netfang [sos@sos.dk](mailto:sos@sos.dk)**

**Heimasíða [www.sos.dk](http://www.sos.dk)**

Slysa- og sjúkraþjónustan er hluti af sjúkrakostnaðarþætti vátryggingarinnar. Fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir er öll ráðgjöf látin ókeypis í té, en innheimt er fyrir veitta aðstoð á kostnaðarverði. Jafnan skal tilkynna SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða sjúkleika vátryggðs sem er á ferðalagi erlendis og taka fram að hann sé tryggður með MASTERCARD kreditkorti.

#### 5 ALMENN ÁKVÆÐI

5.1 Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Vátryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu. Eyðublöð fyrir tjonstilkynningar fást hjá Vátryggingafélagi Íslands hf og á vefsíðu félagsins; [www.vis.is](http://www.vis.is).

5.2 Tjónabætur greiðast inn á viðkomandi kortareikning í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að skuldfæra á kortareikninginn eigin áhættu í sjúkratjónum.

5.3 Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa

yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málsóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.

- 5.4 Vátryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- 5.5 Við andlát vátryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- 5.6 Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. vátryggingarskilmálum þessum og önnur vátrygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð.
- 5.7 Dánar- og örorkubætur greiðast samkvæmt skilmálum eins kreditkorts, en eru að öðru leyti óháðar öðrum vátryggingum, sbr. þó ákvæði í kaflanum um gildisákvæði hér að framan.
- 5.8 Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern vátryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- 5.9 Um gildi og túlkun vátryggingarskilmála þessara fer eftir íslenskum lögum.
- 5.10 Komi í ljós að vátryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta.
- 5.11 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur.
- 5.12 Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

## **6 ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU**

### **Félagið bætir ekki:**

- 6.1 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
- a) Beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka

kjarnakleyps efnis sem gefur frá sér geislavirkni og veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.

- b) Beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu og veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.
- c) Beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eitrefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eitrefnum) sem veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.
- d) Stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán eða;
- e) Félagið bætir ekki tjón, skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beinteða óbeint orsakast af, eru afleiðingar af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt staflaðum a), b), c), d) hér að ofan.

6.2 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af fjallaklífi, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjávar eða neðanjarðar.

6.3 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaípróttum eða notkun vélhjóna, hvort sem vátryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir vátryggingu þessa.

6.4 Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.

6.5 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.



- 6.6 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af
- jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
  - geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- 6.7 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 6.8 Valdi vátryggður vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 6.9 Ef í einum og sama vátryggingaratburði verður slys á mörgum einstaklingum sem vátryggðir eru með ferðatryggingum kortahafa MASTERCARD, takmarkast heildarbætur félagsins við USD 25 milljónir eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

## 7 GREIÐSLA BÓTA OG VEXTIR.

- 7.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni eftir atvikum skv. 50. eða 123. gr. vátryggingarsamningalaga.

## 8 MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA OG VARNARÞING.

- 8.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 8.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.

- 8.3 Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 8.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2011.**

## SOS INTERNATIONAL VIÐLAGAÞJÓNUSTA OG NEYÐARHJÁLP

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af MASTERCARD ferðatryggingu korthafa hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., að því tilskildu að greiðsla ferðakostnaðar með MASTERCARD korti hafi verið skv. skilmálum.

Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortnúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður með MASTERCARD kreditkort.

## Slysa- og sjúkráþjónusta

### Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á yfir 30 tungumálum.
- heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- að veita aðstoð vegna almennra tryggingarmála, meðhöndlun slysa og hættuástands.



### **Ferðapjónusta**

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl. (og fleira).
- endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

### **SÍMAÞJÓNUSTA Í VIÐLÖGUM**

Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn - árið um kring.

<b>Sími í Danmörku</b>	<b>(45) 70 10 50 50</b>
<b>Fax í Danmörku</b>	<b>(45) 70 10 50 56</b>
<b>Netfang</b>	<b>sos@sos.dk</b>
<b>Heimasíða</b>	<b>www.sos.dk</b>

### **Vátryggingafélag Íslands**

<b>Sími:</b>	<b>354 560 5000</b>
<b>Fax:</b>	<b>354 560 5108</b>